



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Fjármálaeftirlitið
B.t. Halldóru E. Ólafsdóttur og
Arnars Jóns Sigurgeirssonar
Höfðatúni 2
105 Reykjavík

23. desember 2011

Efni: Umsögn um nýjar reglur um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða

Með vísan til dreifibréfs frá Fjármálaeftirlitinu, dags. 12. desember s.l., fylgir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða vegna draga að nýjum reglum um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða. Hér á eftir fara nokkrar ábendingar um efni fyrirbyggjandi draga.

Um 1. gr.:

Almennt er það kostur að hugtök séu skilgreind sérstaklega eins og gert er í 1. gr. Við yfirferð yfir reglurnar má velta því upp hvort skilgreina bæri frekari hugtök eins og starfsreglur, verklagsreglur, vinnureglur, vinnulýsingar og starfslýsingar. Virðist sem ákveðins misræmis gæti við notkun þessara hugtaka.

Um 4. gr.:

Í þeim tilvikum þegar innri endurskoðun er framkvæmd af sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila, endurskoðunarfyrirtæki, má færa rök fyrir því að eðlilegra sé að verkefnið grundvallist á samningi milli lífeyrissjóðsins annars vegar og endurskoðunarfyrirtækisins hins vegar. Slíkur samningur felur eðlilega í sér skriflegar reglur um samskipti lífeyrissjóðs og endurskoðunarfyrirtækis sem byggja á tvíhliða réttindum og skyldum. Því veður ekki talið að hugtakið „erindisbréf” sé heppilegt í því samhengi sem það er sett fram í 4. gr. Byggir það á því að erindisbréf er almennt notað um bréf sem mælir fyrir um réttindi og skyldur fulltrúa eða starfsmanns, almennt skrifað einhliða af þeim sem fyrirmælin setur, til að mynda ráðherra.

Því er velt upp þeim möguleika að í 4. gr. komi fram að grundvöllur fyrir starfsemi endurskoðunardeildar eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila skuli eftir atvikum byggja á erindisbréfi (skriflegum fyrirmælum) af hálfu lífeyrissjóðs eða samningi aðila þegar um sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila er að ræða.

Um 5. gr.:

Eðlilegt er að hugtakið „áhættumiðuð” sé skilgreint í 1. gr. reglnanna með svipuðum hætti og önnur hugtök sem þar eru skilgreind.

Um 8. gr.:

2. töluliður: Rétt er að skoða hvort að í stað þess að vísa til „starfsreglur” sé markvissara að vísa til: „reglna, t.d. í formi ráðningarsamninga, starfslýsinga eða verkferla”. Töluliðurinn væri þá svohljóðandi: „Hvort fyrir hendi séu á hverjum tíma skýrar og greinargóðar skriflegar


reglur, t.d. í formi ráðningarsamninga, starfslýsinga eða verkferla, þar sem verksvið, ábyrgð og heimildir einstakra starfsmanna komi fram og hvort farið sé eftir þessum reglum.”

3. Töluliður: Með sama hætti er rétt að skoða hvort 3. töluliður ætti að orðast svo: „Hvort í reglum lífeyrissjóðsins, t.d. starfslýsingum og verkferlum, felist viðunandi innra eftirlit...”

Eins og framangreindar ábendingar bera með sér er þeim fyrst og fremst varpað fram til skoðunar og umræðu. Því miður hefur ekki gefist færi á að taka drögin til ítarlegrar skoðunar á meðal lífeyrissjóðanna eins og til stóð. LL barst framangreint dreifibréf með tölvupósti síðla dags. þann 12. desember s.l. og er frestur til þess að skila inn umsögn veittur til 30. desember. Við móttöku póstsins var rakleitt óskað eftir framlengingu til 16. janúar 2012 en þeirri beiðni var synjað með tölvupósti þann 20. desember með þeim rökum að með hliðsjón af umfangi og eðli breytinganna sem liggja fyrir í drögum að nýjum reglum sé ekki þörf á að veita lengri frest.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja taka fram að sá tími sem hér er veittur til umsagnar er mun ódrýgri en fjöldi almannaþinga gefa til kynna þar sem í hönd fara frídagur og orlof tengt komandi hátíð. Innan vébanda LL eru 32 lífeyrissjóðir og ávallt verður að gefa ákveðinn tíma til skoðunar slíkra mála sem hér um ræðir innan þess hóps ef færi á að gefast til að skapa æskilega umræðu til undirbúnings umsagnar sem þessarar. Það er þó von LL að þær ábendingar sem hér fylgja komi að gagni við mótun endanlegs texta reglnanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri